

Hörgársveit

Fréttabréf

4. árg., 11. tbl., 17. maí 2013

Vinnureglur um leyfisveitingar vegna hagagöngu

Á fundi sveitarstjórnar 15. maí voru samþykktar eftirfarandi vinnureglur um leyfisveitingar vegna hagagöngu sbr. 1. málsgrein 7. greinar fjallskilasamþykktar fyrir sveitarfélög við Eyjafjörð. Ath. að umsóknarfrestur um beitarafnot árið 2013 er til 31. maí.

Umsóknarfrestur um beitarafnot er til 15. maí ár hvert. Beitarheimild er einungis veitt ef fram hefur farið mat á beitarþoli viðkomandi svæðis. Sveitarstjórn fær fulltrúa Landgræðslu ríkisins til að meta beitarþol landsins sem um ræðir og getur það mat gilt í allt að fimm ár. Heimild til beitar skal sveitarstjórn veita í síðasta lagi 10. júní.

Brot á þessari samþykkt fer eftir 38. grein fyrrnefndra laga en þar segir: Brot gegn ákvæðum þessarar fjallskilasamþykktar geta varðað sektum og skal fara með mál út af þeim að hætti opinberra mála.

Sumarstörf fyrir námsmenn

Hörgársveit getur boðið nokkrum námsmönnum vinnu í sumar við ýmiskonar viðhald og smærri verkefni. Þessi störf eru eingöngu ætluð námsmönnum sem eru á milli anna. Umsækjendur þurfa að verða 18 ára á árinu 2013.

Umsóknir með nafni og kennitölu sendist á netfangið jonni@horgarsveit.is fyrir 24. maí næstkomandi.

Hörgársveit

Sími: 461 5474 **Fax:** 461-5475

Netfang: horgarsveit@horgarsveit.is

Póstfang: Þelamerkurskóli, 601 Akureyri

Veffang: www.horgarsveit.is

Útdráttur úr fundargerð sveitarstjórnar

Fundur nr. 35 miðvikudaginn 15. maí 2013. Mætt voru Axel Grettisson, Hanna Rósa Sveinsdóttir, Helgi Bjarni Steinsson, Helgi Þór Helgason, Jón Þór Benediktsson. Fundarritari: Hjalti Jóhannesson.

Ársreikningur sveitarsjóðs fyrir árið 2012, síðari umræða

Tekinn var til afgreiðslu og undirritunar ársreikningur 2012.

Sveitarstjórn samþykkti og undirritaði ársreikninginn.

Fjárhagsáætlun 2013, viðauki

Í samræmi við 63. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 var lagður fram viðauki 1 við fjárhagsáætlun 2013 vegna nokkurra breytinga sem fyrirsjáanlegar eru á rekstri sveitarfélagsins á árinu.

Sveitarstjórn samþykkti viðaukann eins og hann lá fyrir þar sem gert er ráð fyrir að kostnaðarauka og tekjumissi verði mætt með lækkun á handbæru fé.

Norðurorka, arðgreiðsla

Á aðalfundi Norðurorku sem haldinn var 22. mars s.l. var ákveðið að greiða hluthöfum 15% arð. Að frádregnum fjármagntekjum eru arðgreiðslur til Hörgársveitar kr. 808.882.

Lagt fram til kynningar.

Vinnuskóli, laun sumarið 2013

Sveitarstjórn samþykkti að laun í vinnuskóla verði sem hér segir sumarið 2013: Fyrir börn fædd árið 1999 486 kr./klst., fyrir börn fædd árið 1998 538 kr./klst. og fyrir börn fædd árið 1997 673 kr./klst. Orlof er innifalið.

Fundargerð skipulags- og umhverfisnefndar, 8. maí 2013

Fundargerðin er í 6 liðum og eru 3 tillögur til sveitarstjórnar, þ.e. um frummatsskýrslu vegna Bjarga II, grjótvagnar á Norðurlandsvegi í Öxnadal og afmörkun lóðar við Friðrikshús á Hjalteyri.

Sveitarstjórn samþykkti tillögu skipulags- og umhverfisnefndar um að gera ekki athugasemdir við frummatsskýrslu vegna efnistöku í landi Bjarga II, að framkvæmdaleyfi til að ljúka grjótvörn Norðurlandsvegur sé enn í gildi og að afmörkun lóðar Friðrikshúss verði tekin til efnislegrar meðferðar í aðal- og deiliskipulagsgerð.

Lón, Sláturhús B. Jensen, fráveitumál

Lagt fram bréf frá Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra dags. 26. apríl 2013 um fráveitumál sláturhúss B. Jensen þar sem fram kemur að heilbrigðisnefnd samþykkti á fundi sínum 24. apríl tillögu Verkís að fráveitu og hreinsun á fráveituvatni enda verði sýnt fram á að markmiðum þeim sem sett eru fram í umsókn og fylgigögnum verði náð innan 6 mánaða frá verklokum.

Lagt fram til kynningar.

Skólahreysti – umsókn um styrk

Lagt fram bréf frá Andrésí Guðmundssyni o.fl. f.h. Skólahreysti þar sem óskað er eftir fjárhagslegum stuðningi.

Sveitarstjórn samþykkir að veita verkefninu 25.000 kr. styrk.

Hagaganga, leyfisveitingar

Lagður fram tölvupóstur frá Bjarna E. Guðleifssyni dags. 2. maí 2013 f.h. vinnuhóps um skipulag hagagöngu. Gerðar eru tillögur um vinnureglur sveitarstjórnar Hörgársveitar um framkvæmd á 1. málsgrein 7. gr. fjallskilasamþykktar fyrir sveitarfélög við Eyjafjörð.

Sveitarstjórn samþykkti vinnureglurnar og að þær verði auglýstar í fréttabréfi Hörgársveitar en miðað við að umsóknarfrestur um beitarafnot árið 2013 verði 31. maí en 15. maí framvegis.

Umsóknir um hagagöngu sumarið 2013

Lagðar fram eftirfarandi umsóknir um hagagöngu sumarið 2013: Tölvupóstur dags. 7. maí þar sem ábuendur á Ósi; Sunna Hlín Jóhannesdóttir og Hjörvar Kristjánsson sækja um að fá að sleppa 12 kindum með lömbum á Þorvaldsdal sumarið 2013. Bréf frá Þórði Sigurjónssyni o.fl. dags. 8. maí 2013 um hagagöngu um 100 ær með lömbum og geldar. Bréf frá Helga Steinssyni, dags. 8. maí 2013 um hagagöngu á afrétti og heimalöndum sínum á Syðri Bægisá og Neðstalandi um 400 ær með lömbum frá öðrum aðilum og auk þess um 165 eigin ær með lömbum.

Sveitarstjórn samþykkti umsóknirnar með fyrirvara um mat Landgræðslu ríkisins á beitarþoli landsins.

Helgi Bjarni Steinsson sat hjá við afgreiðslu málsins.

Niðurstaða útboðs á söfnunarferðum úrgangsefna á árinu 2013

Lagt fram minnisblað frá Hjalta Jóhannessyni og Jóni Þór Brynjarssyni um niðurstöðu útboðsins. Tilboð bárust frá Furu ehf. og Þórði Þórðarsyni. Fura ehf: úrgangstimbur 750 kr. pr. km og 50 kr. pr. kg, brotamálmur 750 kr. pr. km og 10 kr. pr. kg. og úr sér gengnir hjólbarðar 750 kr. pr. km og 10 kr. pr. kg. Þórður Þórðarson ehf: úrgangstimbur 376 kr. pr. km og 10,7 kr. pr. kg, brotamálmur 376 kr. pr. km og 9,8 kr. pr. kg og úr sér gengnir hjólbarðar 376 kr. pr. km og 9,7 kr. pr. kg. Frávikstilboð barst frá Furu ehf.

Sveitarstjórn samþykkti að taka tilboði Þórðar Þórðarsonar um söfnun úrgangstimburs en hafnar öðrum.

Stefnumótun í menningarmálum á starfssvæði Eyþings

Lagt fram bréf frá Ragnheiði Jónu Ingimarsdóttur, dags. 29. apríl 2013 ásamt drögum að stefnumótun í menningarmálum á starfssvæði Eyþings sem unnin er sem hluti af svæðisbundinni sóknaráætlun 2020. Óskað er eftir athugasemdum við drögin fyrir 6. september næstkomandi.

Sveitarstjórn samþykkti að vísa erindinu til menningarmálanefndar.

Málefni Jónasarlunda

Lagt fram bréf frá Þorsteini Rútssyni, f.h. stjórnar Jónasarlunda dags. 10. maí 2013 þar sem hann gerir grein fyrir ýmsu er varðar málefni lundarins og kynnti reglur sem stjórn lundarins samþykkti á stjórnarfundi 29. apríl 2013.

Sveitarstjórn samþykkti að vinnuskólinn komi að hreinsunarstarfi í lundinum og sveitarstjóra falið að ræða við Vegagerðina um lausn sorpmála við áningarstaðinn í lundinum.

Viðhald girðinga meðfram vegum í sveitarfélaginu

Lagt fram bréf frá Leonard Birgissyni dags. 8. maí 2013 f.h. Vegagerðarinnar þar sem því er vísað til sveitarfélagsins að það hlutist til um að viðhaldi girðinga meðfram vegum í sveitarfélaginu verði lokið 30. júní 2013.

Lagt fram til kynningar.

Þverá, umsókn um framkvæmdaleyfi vegna heimilisrafstöðvar

Lagt fram bréf frá Þorsteini Rútssyni dags. 12. maí 2013 ásamt útlitsteikningum og afstöðumynd þar sem hann óskar eftir framkvæmdaleyfi vegna uppsetningar á heimilisrafstöð.

Sveitarstjórn samþykkti erindið.

Þyrluflug í sveitarfélaginu, umsókn um einkaleyfi

Lagt fram bréf frá Gunnari Sólnes dags. 27. apríl 2013 þar sem hann f.h. Fljótabakka ehf. og Veiðiklúbbs Íslands ehf. óskar eftir einkaleyfi á þyrluflugi fyrir skíða- og snjóþettafólk innan landamerkjna Hörgársveitar.

Sveitarstjórn samþykkti að hún geti ekki orðið við erindinu en telji að hér sé um dhugaverða viðbót við ferðaþjónustu á svæðinu að ræða.

Næsti fundur sveitarstjórnar verður 19. júní í Þelamerkurskóla.

Dagskrá fundarins mun birtast á www.horgarsveit.is síðdegis 14. júní.

Viðhald girðinga meðfram þjóðvegum

Senn líður að því að umferð um þjóðvegina nái árlegu hámarki og á fundi sveitarstjórnar 15. maí síðastliðinn var lagt fram bréf frá Vegagerðinni þar sem minnt er á skyldu landeigenda til að sinna viðhaldi girðinga meðfram þjóðvegum. Óskað var eftir að sveitarfélagið hlutist til um að þessu viðhaldi verði sinnt fyrir 30. júní næstkomandi.

Eru landeigendur hér með hvattir til að vinna að þessu viðhaldi í samræmi við vegalög nr. 80/2007 (62. gr.) og reglugerð um 325/1995, um girðingar með vegum.